

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um afstöðuna til þessa frv. Meiri hlutinn vill samþykka það, en ég er andvígur því.

Ríkisstjórnin fer með þessu frv. inn á mjög hættulega braut. Hún gefur innflutningsverzlunina að miklu leyti frjálsa, jafnhliða því sem hún með sérstökum stjórnarráðstöfunum minnkar kaupgetuna í landinu. Og samtímis tekur hún 800 milljón króna lán til almennra vörukaupa án þess að gera sér nokkra raunhæfa grein fyrir, hvernig hægt sé að borga það lán til baka. Þessi stefna er ákveðin í samráði við völduga lánardrottna, Efnahagsstofnunina í París (OECE) og Alþjóðabankann í Washington, og hvorugir aðilar, lánardrottnarnir né ríkisstjórnin, virðist gera sér áhyggjur út af því, hvernig efnahagslegu sjálfstæði Íslands reiði af, þegar lagt er út í þá fjárglæfra, sem slíkt lán til neyzlúvörukaupa einna saman er. Virðist ríkisstjórnin helzt treysta á að geta skipulagt svo mikla minnkun kaupgetu í landinu, með öðrum orðum: slíkan skort á alþýðuheimilunum, að innflutningur minnki svo, að lánin verði ei notuð til fulls.

Sjávarútvegurinn, stöðugur rekstur hans og efling, hefur verið hin efnahagslega undirstaða íslensks atvinnulífs. Þessi efnahagsundirstaða hefur verið allörugg, vegna þess að í fyrsta lagi hafa verið gerðir miklir og vaxandi viðskiptasamningar við hin kreppulausu sósíalístísku lönd, er tryggt hafa oss öruggan markað, — í öðru lagi hefur verið sémilega unnið að markaðsöflun í auðvaldsheiminum — og í þriðja lagi hefur heimamarkaður vor verið mikill vegna mikillar kaupgetu almennings, er tryggt hefur sölu þess varnings, er þjóðin hafði ráð á að kaupa í vöruskiptum og öðruvísi.

Þetta öryggi verður með samþykkt þessa frv. að miklu leyti brotið niður:

Í fyrsta lagi minnkar kaupgeta innanlands, og þar með minnka einnig innkaup frá sósíalístísku löndunum, og þar sem verzlun við þau byggist á jafnvirðisviðskiptum, þá minnka einnig fiskkaupin frá þeirra hálfu.

Í öðru lagi flytur ríkisstjórnin beinlínis vörur yfir á frílista auðvaldslandanna, sem nema 13% af heildarkaupum frá sósíalístísku löndunum, svo að við má búast, að kaup frá þeim minnki beinlínis sem því hlutfalli samsvarar.

Í þriðja laga verða öll afskipti hins opinbera af því að tryggja sölu íslenskra afurða til vöruskiptalanda miklu erfiðari, eftir að búið er að fylla heimamarkað vorn með erlendum lánsvörum, í stað þess að áður gat hann raunverulega alltaf tekið við.

Í þriðja lagi verða öll afskipti hins opinbera af því að tryggja sölu íslenskra afstjórn meir og meir beint til auðvaldslandanna til þess að borga skuldir þær, sem landinu er steypt í þar, jafnvel þótt selja verði þær þar fyrir lægra verð en ella væri fánlegt.

Afleiðingin af samþykkt og framkvæmd þessa frv. yrði því sú, að Ísland væri svipt því efnahagslega öryggi, sem það hefur notið um skeið: að geta alltaf selt þær afurðir, sem það getur aflað.

Ísland yrði eftir samþykkt þessa frv. að mestu háð öllum fallvættleik auðvaldsmarkaða, undirorpið verðsveiflum þeirra, innlímað í það kreppukerfi kapitalismans, sem leiddi atvinnuleysi og neyð yfir þjóð vora á árunum 1930—1940.

En allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á Íslandi í viðskiptamálum í 30 ár, hafa miðazt við það að forðast þær skelfingar, er hinn „frjálsi, óhefti“ kapitalismi þá leiddi yfir þjóðina. Slíkar ráðstafanir hafa að vísu verið mjög gallaðar, oftast ófullkomnar og neikvæðar, stundum soraðmarkaðar spillingu helmingaskipta afturhaldsflokka, — en öðru hverju hefur undir áhrifum verkalýðshreyfingarinnar verið hægt að beita þeim til jákvæðrar nýsköpunar atvinnulífsins, svo sem á tímum nýsköpunarstjórnarinnar 1944—47 og vinstri stjórnarinnar 1956—58.

En raunhæfar ráðstafanir til að tryggja efnahagslegt öryggi Íslands samfara stórfelldri nýsköpun atvinnulífsins og þar af leiðandi aukinni framleiðslu og velmegun alþýðu mundu aðeins fást með áætlunarbúskap, er framkvæmdur væri undir sterkum áhrifum verkalýðshreyfingarinnar og með fullu valdi róttækrar ríkisstjórnar yfir utanríkisverzluninni.

Frv. þetta mundi því, ef að lögum yrði og stefna þess yrði framkvæmd, verða háskalegt efnahagslegu sjálfstæði Íslands, grafa grunninn undan öruggustu mörkuðum sjávarútvegsins, brjóta niður það afkomuöryggi, er alþýða Íslands hefur notið um skeið, — en bjóða heim kreppu og atvinnuleysi og yfirráðum erlends auðvalds yfir landi voru, er til lengdar léti.

Ég legg því til, að frv. sé fellt.

Alþingi, 1. maí 1960.

Einar Olgeirsson.